

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Skipulagsstjóri  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 28. mars 2019  
UST201902-266/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Aðalskipulag – Hellisholt á Mýrum - breyting – Sveitarfélagið Hornafjörður, tillaga að deiliskipulagi - Hellisholt á Mýrum – Sveitarfélagið Hornafjörður**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjörður er barst 25. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar á svæði Hellisholts á Mýrum og tillögu að deiliskipulagi á svæði úr jörðinni Hellisholt.

**Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að staðsetja svæði fyrir verslun- og þjónustu á um 4 ha svæði í landi Hellisholts. Svæðið skiptist þannig að framkvæmdir raðast kringum aðkomuveg frá Suðurlandsvegi, rétt austan Hólmsár. Stofnunin bendir á að svo virðist sem byggingarreitir séu á einhverjum stöðum nær Hólmsá en 50 m og þyrfti að endurskoða fjarlægð áætlaðra gistihýsa frá bökkum Hólmsár. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó: „*Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afrmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.*“

Þar af leiðandi þarf að sýna fjarlægðir frá Hólmsá að gistihýsum og þær þurfa að vera amk 50 m.

**Umhverfisáhrif**


Eins og fram kemur í tillögum að skipulagsbreytingum er gróður á svæðinu lúpína og ræktaður skógur. Fram kemur einnig að uppbygging skal falla vel að aðliggjandi umhverfi. Nú þegar er eitt hús á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að

allar framkvæmdir falli vel að umhverfinu enda er áætlað framkvæmdasvæði afar sýnilegt frá þjóðvegi 1.

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótel og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaraðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorðið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur